

1870.
31. maí.

Um leið og stjórnarráðið sendir skattastjórninni álitsskjal frá stiptamtmaninum á Íslandi um þetta efni, sem sýnir, að það virðist svo, sem sækjandi hafi danskan þjóðernisrètt, en á hinn bóginn eigi heima í Hamborg og hafi þar skrifstofu sína, verður það að álíta eptir því, sem stiptamtmaður hefir skýrt frá málavöxtum, að sækjandi hafi ekki rètt til að eiga skip undir dönsku flaggi.

31. maí.

41. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar, dagsettu 2. þ. m., um það; hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárhagslögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig: Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi. . . 15 rd.

— Þorgrími G. Thorgrimsen í Belgsholtskoti (frá Saurbæ)	20 -
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	30 -
Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum) . . .	15 -
— Rannveigu Vigfúsdóttur (frá Staðarhrauni)	15 -
— Helgu Jónsdóttur (frá Gilsbakka)	30 -
— Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg)	15 -
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala þingum)	20 -
— Helgu Arnfinnsdóttur (ekku Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi)	8 -
— Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði)	15 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum)	20 -
— Þóru Auðunnardóttur (frá Mosfelli)	20 -

Prestsekkju Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri) . .	30 rd.	<u>1870.</u>
— Marenu Nielsdóttur (frá Höskuldstöðum) . .	10 -	31. maí.
— Valgerði Einarsdóttur (frá Grímsey) . . .	8 -	
— Guðriði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . .	12 -	
— Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . . .	10 -	
— Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum) .	10 -	
— Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . .	7 -	
— Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . .	18 -	
— Margrætu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . .	10 -	
— Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum) .	20 -	
— Ingvaldi Jónsdóttur (frá Hofteigi)	10 -	
— Guðnýju Jónsdóttur (frá Kálfholti)	15 -	
— Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri) . .	10 -	
— Kristínu Eiríksdóttur (úr Efríholti þingum) .	12 -	
— Margrætu Narfadóttur (frá Glæsibæ) . . .	40 -	
— Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli)	15 -	
— Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli) . .	10 -	
— Kristjönu Einarsen (frá Stafholti)	10 -	
— Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri)	10 -	
— Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum) . . .	10 -	

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því viðbætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um mælingar og skrásetning skipa.

1. júní.

Aðalskattastjórnin, er með konungsúrskurði 31. f. m. er falið á hendur að standa fyrir skipa-skrásetningum og -mælingum á Íslandi, mun nú með þriðju póstskeipsferð senda yður, herra stiptamtmaður, yður sjálfum til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, hær að lútandi reglur og allt það, sem með þarf, til þess að